

Stéttarfélag

MIÐVIKUDAGUR 10. MAÍ 2017

Kynningar: BHM Rafiðnaðarsamband Íslands Sjúkraliðafélag Íslands



Fjölbreytileikinn er styrkur

Erna Guðmundsdóttir er nýráðinn framkvæmdastjóri Bandalags háskólamanna – BHM. Hún segir margt fram undan hjá bandalaginu en einna hæst ber undirbúning undir kjaraviðræður við ríkið.

Erna hóf störf sem framkvæmdastjóri BHM í mars en á sér langan feril innan bandalagsins enda hefur hún starfað sem lögmaður þess frá árinu 2007. Fyrstu árin starfaði hún samhliða fyrir Kennarasambandið en síðustu ár alfarið fyrir bandalagið.

Stéttarfélagsmál eru henni hugleikin en hún hefur einnig starfað hjá BSRB og sem forstöðumaður starfsmannasviðs hjá Tollstjórnunum í Reykjavík. „Mér hefur alltaf þótt mjög gefandi að geta aðstoðað félagsmenn aðildarfélaga sem lenda í erfiðleikum í sínu starfi en meginreglan hjá mér hefur ávallt verið sú að veita þeim sem bestan stuðning í formi lögfræðipjónustu.“

Margþætt hlutverk

Um hlutverk BHM segir Erna: „Hlutverk bandalagsins er í fyrsta lagi að berjast fyrir bættum kjörum háskólamenntaðra og í öðru lagi að gæta hagsmuna aðildarfélaga BHM og veita þeim stuðning. Þá hefur eitt meginmarkmið frá stofnun bandalagsins verið að efla fagstéttarfélag háskólamanna og háskólamenntun á Íslandi.“

Fjölbreytt þjónusta

Hjá BHM geta félagsmenn sótt í öflugra sjóði ýmist vegna slysa og veikinda en einnig er hægt að fá styrki til heilsueflingar og forvarna gegn sjúkdómum. „Innan BHM er

einnig Starfsþróunarsetur háskólamanna þar sem bæði einstaklingar, stéttarfélag, stofnanir og sveitarfélög geta sótt riflega styrki vegna starfsþróunar,“ lýsir Erna.

Til BHM geta félagsmenn einnig sótt öflugra hagsmunagæslu og stuðning. „Við erum til dæmis með lögmannapjónustu með sérfræðingum á sviði vinnnumarkaðsmála og hagfræðing sem veitir ráðgjöf og upplýsingar,“ segir Erna og bendir einnig á að orlofskostir BHM séu margbreytilegir.

BHM er aðili að Virk starfsendurhæfingarsjóði en Erna segir ómetanlegt starf unnið þar. „Virk vinnur að því að efla starfsgetu félagsmanna í kjölfar veikinda eða slysa en markmiðið er að koma þeim sem eru við að detta út af vinnnumarkaði inn á hann aftur.“

Fjölbreytileikinn jákvæður

Aðildarfélög BHM eru 27 og mikill fjölbreytileiki innan þeirra. „Þar má finna allt frá leikurum, fréttamönnum, dýralæknum, ljósmæðrum og þroskaþjálfum til lögfræðinga, háskólakennara, náttúrufræðinga og sálfræðinga,“ segir Erna sem telur þessa miklu breidd afar jákvæða. „Það er mikill styrkur sem liggur í fjölbreytileikanum enda rík og góð samvinna á milli allra félaganna sem vinna samhent að því að efla kjör og aðstæður háskólamenntaðra á Íslandi.“



Erna Guðmundsdóttir er nýráðinn framkvæmdastjóri BHM. MYND/GVA

Erna segir BHM ávallt vakandi fyrir því hvernig hægt sé að bæta þjónustu við félag. „Ein hugmynd er að koma upp þjónustuveri sem auðveldi félagsmönnum að fá upplýsingar um rétt sinn í sjóðum o.fl. á einum stað.“

Fjórða byltingin

BHM stendur fyrir fjölbreyttri fræðslu sem félagsmenn geta sótt

sér að kostnaðarlausu og er félagið þegar byrjað að undirbúa haustið. „Aðaláhugamálið hjá mér er það sem kallað hefur verið „fjórða iðnyltingin“,“ segir Erna og á þar við þá miklu breytingu sem er að verða á starfsumhverfi bæði háskólamenntaðra og annarra á næstu árum vegna framfara í upplýsingatækni, gervigreind og fleiri sviðum. „Stór hluti þeirra starfa

sem fólk vinnur í dag mun hverfa í þeirri byltingu og ný verða til í þeirra stað. Við þurfum að skoða hvernig verða störf framtíðarinnar og hvernig er hægt að undirbúa sig fyrir störf sem eru ekki til í dag. Við munum fylgjast vel með þróun mála og stefnum að því að vera með ráðstefnu um þetta mál-efni í haust,“ segir Erna.

Undirbúa kjaraviðræður

Aðalfundur BHM verður haldinn 18. maí og verða þar fjölmörg mál tekin fyrir. Komandi kjaraviðræður eru einna efst á baugi. „Í dag erum við í viðræðum við Samtök atvinnulífsins um gerð svokallaðs réttindasamnings en mikil fjölgun er á félagsmönnum sem starfa á almenna vinnnumarkaðinum. Við fengum á okkur gerðardóm í kjölfar erfiðra verkfalla gegn ríkinu í ágúst 2015 og rennur hann út 31. ágúst. Við erum því á fullu að undirbúa kjaraviðræður enda þarf að leiðrétta laun háskólamenntaðra sem starfa hjá ríkinu. Okkar slagorð er að meta menntun til launa. Ef stofnanir ríkisins eiga að geta haldið uppi góðri þjónustu þurfa þær að geta haldið í og ráðið hæft starfsfólk.“

Nánari upplýsingar um BHM má finna á www.bhm.is

Kjaramálin eru í forgangi

Rafiðnaðarsamband Íslands var stofnað árið 1970. Starfsemi þess felst helst í því að gæta hagsmuna félagsmanna og fjölskyldna þeirra, bæði gagnvart atvinnurekendum og stjórnvöldum.

Rafiðnaðarsamband Íslands (RSÍ) er landssamband stéttarféлага rafiðnaðarmanna en sambandið var stofnað árið 1970. RSÍ er starfsgreinasamband en allir launþegar sem starfa í rafiðnaðargeiranum eru félagsmenn þess. Að sögn Kristjáns Þórðar Snæbjarnarsonar, formanns Rafiðnaðarsambandsins, felst starfsemi sambandsins í að gæta hagsmuna félagsmanna og fjölskyldna þeirra, bæði gagnvart atvinnurekendum og stjórnvöldum. „Helsta baráttumál RSÍ hefur verið að reyna að bæta kjör rafiðnaðarmanna. Í fyrsta lagi höfum við barist fyrir því að launin hækki til samræmis við verðlag og hefur markmiðið verið að auka kaupmátt launa. Annars vegar höfum við tekið verulega á í að bæta ýmis réttindaákvæði rafiðnaðarmanna í kjarasamningum. Í síðustu kjarasamningum tókst okkur loks að taka út veigamikinn þátt þar sem starfsmenn þurftu að leggja háar fjárhæðir út til að kaupa verkfærin sem þeir nota í vinnunni. Það væri eins og að starfsfólk sem vinnur skrifstofuvinnu þyrfti að kaupa tölvuna sem það vinnur á dags daglega. Nú er það orðið þannig að ef starfsmenn þurfa að leggja til verkfæri fá þeir sérstaklega greitt fyrir það. Við áttum okkur á því að við þurfum sífellt að rýna í ákvæði kjarasamninganna og gera úrbætur á því sem félagsmenn telja að þurfi að laga.“



Kristján Þórður Snæbjarnarson, formaður RSÍ.

Störfin þróast hratt

Kjaramál félagsmanna eru yfirleitt í forgangi að sögn Kristjáns en mörg önnur stór verkefni koma við sögu á hverjum degi. „Við vinnum einnig að öðrum mikilvægum verkefnum eins og að reka styrktar- og sjúkrasjóð sem veitir félagsmönnum mjög verðmæta tryggingu veikist þeir alvarlega og missi tekjur vegna veikinda. Þá getum við tryggt allt að 80% af launum viðkomandi í sex til tólf mánuði. Auk þess tókum við þátt í greiðslu á ýmsum útgjöldum sem reglur sjóðsins heimila.“ Einnig rekur sambandið Rafiðnaðarskólann í samstarfi við rafverktaka en skólinn er eftirmenntunarskóli rafiðnaðarins. Þetta samstarf hefur reynt greininni mikilvægt að sögn Kristjáns. „Í Rafiðnaðarskólunum geta félagsmenn haldið þekkingu sinni við og aukið hana. Eftirmenntun í rafiðnaði er gríðarlega mikilvæg enda þróast störf í grein okkar mjög hratt og því er sérstaklega mikilvægt að starfsmenn haldi þekkingunni við.“ Auk eftirmenntunaráttarins nefnir Kristján orlofshúsakerfi sambandsins sem sé gríðarlega flott enda nýti félagsmenn húsinn mjög vel allt árið um kring.

Málin rædd

RSÍ hefur þróast í takt við tímann að mörgu leyti að sögn Kristjáns en félagsleg virkni hefur alla tíð verið mikil innan sambandsins.

„Í fyrsta lagi höfum við barist fyrir því að launin hækki til samræmis við verðlag og hefur markmiðið verið að auka kaupmátt launa. Annars vegar höfum við tekið verulega á í að bæta ýmis réttindaákvæði rafiðnaðarmanna í kjarasamningum.“

Kristján Þórður Snæbjarnarson

„Fjölmargir fundir eru haldnir með félagsmönnum víðsvegar um landið þar sem málin eru oftast ekki rædd mjög opinfrátt. Forysta RSÍ hefur lagt mikla áherslu á að hlusta á félagsmenn sína og gert þær breytingar sem mögulegar eru til að bæta starfið. Félagsmenn geta örugglega staðfest þetta þó svo það séu ætíð einhverj mál sem ekki tekst að fullvinna. Einnig erum við sífellt að nýta okkur þróun og tækni til að ná betur til félagsmanna en ekki síður að bæta aðgengi félagsmanna að þeirri þjónustu sem við höfum upp á að bjóða.“

Nánari upplýsingar um RSÍ má finna á www.rafis.is

Þekktu þinn rétt!

Íslendingar á vinnumarkaði: 175.760

Bądź świadom swoich praw!

Polacy na islandzkim rynku pracy: 8.798

Žinokite savo teises!

Lietuviai islandiškoje darbo rinkoje: 1.330

Alamin ang iyong mga karapatan!

Mga Pilipino sa mercado ng manggagawa sa Iceland: 336

รู้จักสิทธิของคุณ

คนไทยในตลาดแรงงานไอซ์แลนด์: 320

Know Your Rights!

Á Íslandi eiga allir rétt á sanngjörnum launum, frídögum og orlofi, og að farið sé eftir kjarasamningum – óháð þjóðerni og uppruna. Við berjumst fyrir þínum kjörum og viljum hjálpa þér að þekkja þinn rétt.

Kynntu þér réttindi þín á vr.is

In Iceland, all full time employees of all nationalities have a right to fair pay, paid overtime and a paid vacation. Wages below collective wage agreements are illegal. We help you protect your rights.

Further information: vr.is

Sjúkraliðanám á fagháskólastigi

Sjúkraliðar hafa lengi barist fyrir innleiðingu svokallaðs fagháskólanáms, sem yrði metið til ECTS háskólaeininga. Sjúkraliðanám fer í dag fram á þriðja hæfniprepi framhaldsskóla og framhaldsnám á því fjórða. Yrði fagháskólanám að veruleika yrði framhaldsnám sjúkraliða á því stigi.

„Við höfum lengi bankað á dyrnar hjá Háskóla Íslands og Háskólanum á Akureyri þar sem hjúkrun er kennd til að koma á samstarfi og fá framhaldsmenntun sjúkraliða kennda á fagháskólastigi,“ segir Birna Ólafsdóttir, skrifstofustjóri Sjúkraliðafélags Íslands, en fordæmi eru fyrir því á hinum Norðurlöndunum. „Fyrir nokkru var sett á laggirnar nefnd sem skilaði í september síðastliðnum af sér greinargöðri niðurstöðu til mennta- og menningarmálaráðherra. Eftir það komst skriður á málið,“ segir Birna, en farið verður af stað með fagháskólanám sem þróunarverkefni og hafa fimm verkefni verið skilgreind, þar á meðal framhaldsnám sjúkraliða. Þessum verkefnum er ætlað að vera fyrirmynd almenns fagháskólanáms í framtíðinni.

„BSRB, sem við erum aðilar að, fékk eitt af þessum verkefnum og liggur fyrir viljayfirlýsingu frá verkalyðshreyfingunni um að hún greiði fimmtíu milljónir, eða tíu milljónir



Birna Ólafsdóttir, skrifstofustjóri Sjúkraliðafélags Íslands.

ónir á hvert verkefni og ríkið 100 milljónir á móti,“ upplýsir Birna, en þannig yrði lagður grunnur að umræddu fagháskólanámi.

Nú þegar hafa tæplega 200 sjúkraliðar útskrifast með framhaldsnám á fjórða hæfniprepi framhaldsskóla með áherslu á bæði öldrun- og geðhjúkrun og um næstu áramót útskrifast hópur sem er sérhæfður til starfa á m.a. sótthreinsun, speglun og skurðstofum. „Vonir standa til að þessi sérhæfing geti í framtíðinni orðið á fagháskólastigi,“ segir Birna og leggur áherslu á að þörfin fyrir vel menntaða sjúkraliða sé mikil. „Við erum að fara inn í öldrunarsprengju og þurfum sárlega á fleira fagfólki að halda sem getur axlað aukna ábyrgð og sinnt sífellt veikara fólki.“

Viðvarandi skortur á sjúkraliðum

Sjúkraliðar þyrftu að vera miklum mun fleiri til að anna eftirspurn.

Sjúkraliðafélag Íslands fagnaði 50 ára afmæli á síðasta ári. Félagið var upphaflega stofnað sem fagfélag en varð að stéttarfélagi með samningsrétt árið 1992. Kristín Á. Guðmundsdóttir hefur gegnt formannsembættinu frá 1986. Þó félagið vaxi er skortur á sjúkraliðum.

Í heildina eru félagsmenn 2.800 talsins, að lífeyrisdeildinni meðtalinni og fer þeim ört fjölgandi. Engu að síður er langt frá því að fjöldi sjúkraliða dugi í öll þau verkefni sem kallað er eftir sjúkraliðum í. Þó svo að félagið vaxi er viðvarandi skortur á sjúkraliðum og hefur verið um langt skeið,“ segir Kristín en það þýðir að ófaglærðir þurfa að ganga í þeirra störf.

Hún segir ekki liggja fyrir hversu margir sjúkraliðar þyrftu að vera til að anna eftirspurn. „Því miður hefur það ekki verið tekið saman. Hvorki af atvinnurekendum né landlæknisembættinu sem er mjög miður enda



Kristín Á. Guðmundsdóttir, formaður Sjúkraliðafélags Íslands.

veru það mikilvægar upplýsingar til að vinna út frá.“

Aðspurð segir Kristín helstu ástæðu skortsins þá að það vanti hvatningu fyrir fólk til að fara í þetta nám. „Við getum samt sem áður ekki kvartað undan fjölda nemenda því skólarnir eru fullir og útskrifa um og yfir hundrað sjúkraliða á ári. Það þyrfti bara svo miklu miklu fleiri eins og við höfum margoft bent á, en meðalaldur sjúkraliða í dag er 47 ár. Eins er það svo að margir fara af landi brott að námi loknu eða hverfa til annarra starfa,“ útskýrir Kristín.

Hún segir það líka skapa ákveðinn vanda að mörg fyrirtæki og stofnanir hafa sett sér það markmið að ráða sjúkraliða í mesta lagi í 80%

stöður. „Þá er að okkar mati verið að fara illa með starfskrafta, og þá sérstaklega í ljósi þess að það ríkir skortur.“ Kristín segir ástæðuna fyrir þessari stefnu atvinnurekenda þá að vaktavinnufólk sé með hvíldartímaákvæði og ef það er í 100 prósent vinnu eiga yfirmenn erfiðara með að skipuleggja vaktir svo að ekki skapist frítökuréttur sem gerir vinnuveitendum erfiðara fyrir í rekstri. Hún segist þó ánægð með Landspítalann sem heldur sig við það að allir fái 100 prósent vinnu ef þeir kjósa.

En launin. Þyrftu þau að vera hærri til að skapa meira hvata? „Laun sjúkraliða eru í takt við laun annars heilbrigðisstarfsfólks sem heilt yfir eru lág svo vissulega spilar það inn í. Þá teljum við að sameining Tækniskólans og Ármúlaskóla verði ekki til bóta, en Ármúlaskóli er eins konar móðurskóli sjúkraliðanáms á Íslandi. Okkur hugnast ekki að atvinnurekendum eignist hann og stjórnir þannig allri iðn- og verkmenntun í landinu. Ég er hrædd um að heilbrigðisskólinn muni ekki njóta góðs af því.“

Sjúkraliðafélag Íslands er til húsa að Grensásvegi 16. Þar starfa sex manns. Allar nánar upplýsingar er að finna á slfi.is.



Hverjir eru náttúrufræðingar?

Náttúrufræðingar eru m.a.:

- Arkitektar
- Búfræðikandidatar
- Eðlisfræðingar
- Efnifræðingar
- Jarðeðlisfræðingar
- Jarðfræðingar
- Landfræðingar
- Landslagsarkitektar
- Lífeðlis- og lífefnafræðingar
- Líffræðingar
- Líftækni-fræðingar
- Næringafræðingar
- Matvælafræðingur
- Sjávarútvegsfræðingar
- Skógfræðingar
- Stærðfræðingar
- Tölvunarfræðingar
- Umhverfisfræðingar
- Veðurfræðingar



Við erum stéttarfélag náttúrufræðinga www.fin.is


Við stöndum vörð um réttindi félagsmanna

Við stöndum vörð um réttindi félagsmanna sem starfa á víðfeðmu svæði sem nær frá Borgarnesi og norður um til Grenivíkur. Vinnuveitendur félagsmanna eru sveitarfélög, stofnanir tengdar þeim og ríkisstofnanir á svæðinu. Félagið heyrir undir lög um kjarasamninga opinberra starfsmanna og lög um sáttastörf í vinnudeilum.

Kjölur stéttarfélag er í forsvari fyrir félagsmenn sína við gerð kjarasamninga og gætir þar hagsmuna þeirra í hvívetna.

Félagið leggur áherslu á mikilvægi símenntunar og vill stuðla að jákvæðri umræðu um þátt starfsmenntunar í því að bæta samfélagið.

Kjölur stéttarfélag veitir fjölbreytta styrki til forvarna og framþróunar. Einnig hafa félagsmenn aðgang að mjög fjölbreyttu úrvali sumarhúsa og íbúða.



KJÖLUR
Stéttarfélag starfsmanna
í almannajónustu